

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016, Bakkagerðis kauptún.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 13. maí 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004-2016 frá 16. september 2005.

Breytingin felst í því að:

1. landbúnaðarsvæði norðan Bakkagerðis kauptúns, um 5.000 m², breytist í svæði fyrir verslun og þjónustu (BV 4),
2. svæði umhverfis gamla vatnstankinn, um 400 m², breytist úr opnu og óbyggðu svæði í verslunar- og þjónustusvæði (BV 5),
3. iðnaðarsvæði (BI 1) breytist í 3.157 m² verslunar- og þjónustusvæði (BV 6),
4. hluti iðnaðarsvæðis (BI 6), um 498 m², sameinast aðliggjandi íbúðasvæði (IB 4) og breytist í frístundabyggð, þar sem íbúðarhús sem fyrir er á svæðinu verður nýtt sem frístundahús.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 13. maí 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.